LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: http://www.lanamal.is

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana.

Fréttatilkynning
19. júlí 2011

# NIÐURSTAÐA Í ÚTBOÐI ÓVERÐTRYGGÐA RÍKISBRÉFA RIKB 13 0517 OG RIKB 16 1013

Útboð á óverðtryggðum ríkisbréfum, RIKB 13 0517 og RIKB 16 1013 fór fram hjá Lánamálum ríkisins kl. 11:00 í dag. Útboðinu var þannig háttað að öll samþykkt tilboð buðust á sama verði. Lægsta samþykkta verð (hæsta ávöxtunarkrafa) ákvarðaði söluverðið.

**Helstu niðurstöður útboðsins voru þessar:**

**RIKB 13 0517:**
Alls bárust 5 gild tilboð í flokkinn að fjárhæð 6.800 m.kr. að nafnverði. Þremur tilboðum var tekið fyrir 6.400 m.kr. að nafnverði á söluverðinu 107,650 (2,87% ávöxtunarkröfu).

**RIKB 16 1013:**
Alls bárust 13 gild tilboð í flokkinn að fjárhæð 3.370 m.kr. að nafnverði. Tólf tilboðum var tekið fyrir 3.120 m.kr. að nafnverði á söluverðinu 101,800 (5,59% ávöxtunarkröfu).

Ennfremur býðst aðalmiðlurum að kaupa 10% af nafnverði þess sem selt var í útboðinu á söluverði samþykktra tilboða allt til kl. 14:00 fimmtudaginn 21. júlí. Hver aðalmiðlari sem á samþykkt tilboð í undangengnu útboði öðlast kauprétt í hlutfalli af keyptu magni. Greiðslu- og uppgjörsdagur fyrir þessi viðskipti er 22. júlí 2011.